

sem hann kannast við að hreppsnefndin hafi notað leyfið þegar það var veitt.

Sýknukröfur stefnda verða þannig ekki teknar til greina af framangreindum ástæðum en aðrar varnarástæður hafa ekki verið frambornar í málinu af hálfu hinnar stefndu hreppsnefndar. Verður því að dæma stefnda til að greiða hina umstefndu ábyrgðarkröfu með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1926 til greiðsludags. Ennfremur verður samkvæmt þessum úrslitum að dæma stefnda til að greiða stefnandanum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100 krónur.

Föstudaginn 16. nóv. 1928.

Nr. 56/1928.

Rjettvísín (M. Guðmundsson)
geggn

Arngrími Fr. Bjarnasyni
(St. Jóh. Stefánsson).

Póstafgreiðslumaður sýknaður af ákæru fyrir vanrækslu.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarsýslu 3. ág. 1928: Ákærður Arngrímur Fr. Bjarnason greiði í rikissjóð 150 kr. sekt, er aflánist með 13 daga einföldu fangelsi sje sektin eigi greidd innan 20 daga frá löglegri birtingu dómsins.

Svo greiði ákærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað þar á meðal gæsluvarðhaldskostnað og þóknun til talsmanns síns cand. jur. Ingólfs Jónssonar 30 kr.

Dóninum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er ekkert framkomið í rjettarprófunum, er beri þess vitni, að ákærði hafi ekki staðið póststjórninni skil á öllu því fje, er hann átti að skila henni. Og það er ekki sannað, að hann hafi dregið sjer fje af þeim mönnum, er greiddu póstafrgreiðslu hans toll og fá áttu tollstimpluð frimerki til sönnunar greiðslu gjaldsins.

Hinsvegar hefir ákærði ekki altaf tollfrimerkt fylgibrjef póstsendinga eða umbúðir, er hann afhenti sendingarnar. En það er ekki sannað, gegn neitun ákærða, að það hafi komið svo oft fyrir eða að svo mikil brögð hafi verið að þeirri vanrækslu að öðru leyti, að ákærði eigi að sæta refsingu fyrir það samkv. 144. sbr. 145. gr. hegningarlagna. Og aðrar greinar 13. kap. þeirra laga, sem ákærði hefir verið ákærður eftir, án þess að vitnað sje til nokkurra greina sjerstaklega, geta ekki komið til greina samkvæmt prófunum.

Það ber því að sýkna ákærða af ákærum rjettvísinnar í máli þessu og leggja allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti á almannaþje, þar á meðal kostnað af gæsluvarðhaldi ákærða, málsvarnarlaun verjanda hans í hjeraði, 30 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Argrimur Fr. Bjarnason, á að vera sýkn af ákærum rjettvísinnar.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin laun verjanda í hjeraði, cand. jur. Ingólfs Jónssonar, 30 kr., og laun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 100 kr. til hvors, greiðist af almannaþje.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af rjettvísinnar hálfu höfðað gegn ákærdum Arngrimi Fr. Bjarnasyni, póstaðgreiðslumanni í Bolungavík fyrir brot á 13. kap. hinna alm. borgaralegu hegningarlaga

til refsingar og greiðslu málskostnaðar og eru málavextir þeir er nú skal greina.

Í kæru til dómars dags. 7. mars þ. á. frá Jóhannesi Teitssyni, verkamanni í Bolungavík, er kærðum gefið að sök að það sje nokkuð föst venja hans að gefa enga kvittun þeim er tollvörur fái með pósti frá útlöndum fyrir tollgreiðslum, hvorki með álimdum frimerkjum nje á annan hátt. Sjálfur hafi kærandi þrífaldlega fengið sendingar með pósti, er hann greiddi ákærðum toll af, en hafi eigi fengið álimd frimerki eða kvittun á annan hátt fyrir greiðslunum. Fyrir rjettinum staðfesti kærandi atriði þessi og skýrði frá að hann hefði fengið póstsendingu frá útlöndum, sjerstaklega frá Danmörku 2 til 5 sinnum á ári síðan 1922, að því er hann frekast hvað muna; minnir jafnvel að hann fengi 6 sendingar veturinn 1922—1923. Í sumum sendingunum hafi varið talsvert af fatafnum frá Fabrikernes Klædelager, Aarhus, eða þar minnir kæranda að verksmiðjan ætti heima. En aðallega hafi sendingarnar verið álnavara og smiðatól, tvinni, leikföng, myndarammur og ef til vill eitthvað fleira. Toll af vörum þessum kveðst kærandi jafnan hafa greitt ákærðum í peningum, en eigi fengið álimd frimerki eða kvittun á annan hátt, fyr en á síðastliðnum vetri, rjett fyrir jólin að því er hann minnir, af 2 sendingum sem sje smiðatólum, en hin sendingin hafi verið aðallega álnavara, tvinni og leikföng. Kvittun fyrir tolli af sendingum þessum fjekk kærandi með álimdum frimerkjum, kr. 1,00 af smiðatólasendingunni, en mundi eigi hve mikið af hinni.

Vitnið Gisli Sigurðsson, símastjóri í Bolungarvík, bar það fyrir rjettinum að hann hafi venjulega pantað með pósti frá Danmörku eða París 4—7 sendingar á ári, frá 1924, mest álnavara, nærfatnað og leikföng og ýmsa smámuni til heimilisnotkunar. Kveðst hafa greitt toll af vörum þessum, en oftast eigi hafa fengið álimd frimerki sem viðurkenningu fyrir tollgreiðslunni, en það hafi þó komið fyrir stöku sinnum, að vitnið hafi fengið álimd frimerki fyrir greiðslu tollsins, svo hafi og ákærður skilað honum síðar toll frimerkjum fyrir eina sendingu, síðastliðinn vetur.

Vitnið Einar Guðfinnsson, kaupmaður í Bolungavík, kveðst hafa fengið nokkrar vörusendingar í pósti, á að giska 3 sendingar hvert árið 1026 og 1927, hafa greitt toll af sendingum þessum, en eigi fengið álimd frimerki um leið og

hann greiddi tollinn, nema af síðustu sendingunni í júlí f. á. Kveður vitnið að hann hafi þá krafist að ákærður límdi frimerki á vörusendinguna, því svo stóð á, að hann hafi verið búinn að greiða verðtollinn á skrifstofu sýslunnar á Ísafirði, en fjekk svo eigi vöruna afhenta á pósthúsinu nema gegn því að greiða tollinn þar, en þurfti svo að sýna sýsluskrifstofunni reikninginn með álimdum frimerkjum til þess að fá tollinn endurgreiddan. Þá lýsti vitnið því einnig yfir, að ákærður hafi eigi borið fram neina sjerstaka ástæðu fyrir því að hann ekki afhenti honum álimd frimerki fyrir tollinum.

Vitnið Jens Jensson, sjómaður í Bolungavík, bar fyrir rjettinum, að það hefði haft nokkur viðskifti við firmun »Importören« og »Dahls Varehus« í Kaupmannahöfn og fengið þaðan 2—3 sendingar á ári, árin 1924—1925 og 1926, hafi það verið tvinni, nærfatnaður, verkfæri o. fl. Kveðst hafa greitt ákærðum toll af sendingum þessum en aldrei fengið álimd frimerki, enda kveðst eigi hafa vitað það fyr en síðastliðinn vetur að hann ætti að fá álimd frimerki á fylgibrjefið eða sendinguna fyrir tollgreiðslunni.

Framangreind vitni hafa öll unnið eið að framburði sínum.

Ákærður fullyrðir hinsvegar að hann hafi látið mönnum þessum í tje álimd frimerki, annaðhvort á fylgibrjefið, eða að jafnaði á vörusendinguna sjálfa sem kvittun fyrir tollinum, en þó kunní að hafa komið fyrir, að hann hafi verið frimerkjalaus í bili, en tjáð þá hlutaðeiganda að hann gæti fengið tollfrimerki síðar. Að því er snertir póstsendingar Jóhannesar Teitssonar kveðst ákærður eigi muna hvort það hafi komið fyrir að hann hafi afhent honum síðar álimd frimerki, en að því er sendingar til vitnisins Gísla Sigurðssonar snertir, hefir það komið fyrir einu sinni, að ákærður afhenti því síðar álimd tollmerki eins og fyr greinir.

Samkvæmt framburði ofangreindra vitna kvað rannsóknardómari upp gæsluvarðhaldsúrskurð yfir ákærðum 13. mars þ. á. en leysti hann aftur úr varðhaldi 17. s. m.

Ennfremur hafa Áki Eggertsson, Jón S. Magnússon og Jón Þórarinnsson, sjómenn í Bolungavík og Jens Nielsson kennari, sama stað, verið leidd vitni í málinu. Hafa þau fengið nokkrar póstsendingar frá útlöndum, greitt ákærðum toll af þeim, en eigi fengið álimd frimerki fyrir tollgreiðslunni. **Vitnið Áki Eggertsson hefir staðfest framburð sinn með eiði.**

En að því vitnin Jón S. Magnússon og Jens Nielsson snertir ber ákærður eigi brigiður á framburð þeirra en kveðst hafa limt tollmerkin á fylgibrjefin og geymt þau. Við eftirgrenslun á heimili ákærðs hafa þó eigi fundist nein fylgibrjef útlendra póstsendinga með álimdum tollfrimerkjum, en það er þó eigi alveg útilokað að þau kunni að hafa glatast.

Í lögum nr. 38, 1921 um vörutoll eru fyrirmæli um greiðslu vörutolls af pósthöggjum, er til landsins flytjast, og í lögum nr. 3, 1924 um bráðabirgða verðtoll af nokkrum vörutegundum er til landsins flytjast sbr. reglugerð nr. 40, 1924 er fyrirmæli um greiðslu verðtolfs af vörum þeim, er sendar eru til landsins í pósti.

Í vörutollslögunum segir, að gjaldið greiði viðtakandi í frimerkjum um leið og hann tekur við bögglinum og skal pósthúsið, er afhendir böggulinn, lima þau á hann og stimpla þau á venjulegan hátt. Eru frimerkin úr því eign viðtakanda. Í verðtollslögunum og greindri reglugerð, segir, að verðtollur af vörum er sendar eru til landsins í pósti, skal greiðast um leið og varan er afhent. Gjaldið greiðist með frimerkjum er pósthjónn ónýtir og limir á fylgibrjef eða umbúðir.

Það virðist samkvæmt þessum fyrirmælum vera skýlaus skylda þess pósthjóns, er tekur við vöru- eða verðtollu af póstsendingum, er til landsins flytjast jafnframt að lima frimerki fyrir tollinum á fylgibrjef eða umbúðir sendingarinnar og afhenda þau viðtakanda, sem er eigandi þeirra. Enda virðist engin trygging geta verið fyrir reiðilegum viðskiftum við ríkissjóð, nema fyrirmælum laganna sje fylgt að þessu leyti. Að því er líka vikið í varðhaldsúrskurðinum.

Um framburð vitna þeirra, er staðfest hafa framburð sinn með eiði í málin, athugast, að þau hvert um sig eru ein til frásagnar um það, að þau hafi eigi fengið álimd frimerki á fylgibrjef eða sendingu um leið og þau greiddu ákærðum tollinn og tóku við sendingunum. Þykir því framburður þeirra eigi vera lögfull sönnun gegn eindregnum mótmælum ákærðs.

Aftur á móti hefir ákærður eigi mótmælt framburði vitnanna Jens Nielssonar og Jóns S. Magnússonar og neitar því heldur eigi að það kunni að hafa komið fyrir, að hann hafi verið frimerkjalaus og þar af leiðandi eigi skilað viðtakanda álimdum frimerkjum um leið og hann greiddi tollinn.

Það virðist því vera nægilega sannað í málinu, að Jens

Nielsson hefir fengið þrisvar sinnum álnavöru frá Noregi, árin 1924—1925 og 2var eða 3var sinnum frá París árið 1926, greitt ákærðum sumpart vörutoll og sumpart verðtoll af vörum þessum án þess upplýst sje hve mikið af hverju um sig, og Jón S. Magnússon fengið póstsendingar frá útlöndum, einu sinni á ári, síðastliðin 5 ár sem sje smíðatólasendingar 4 skifti, en nærfatasendingu einu sinni, rjett tyrir jólin 1924 fra Dahls Varehus, greitt ákærðum 4 kr. toll af sendingu þessari en að því er virðist bögglagjald af hinum sendingunum, án þess ákærður ljeti þeim í tje álimd frimerki fyrir tollinum um leið og þeir greiddu honum hann og tóku við sendingunum.

Með greindu atferli þykir ákærður hafa orðið sekur um vanrækslu í embættisrekstri og refsing hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og áður hefir eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, hæfilega metin 150 kr. sekt samkvæmt 144. gr. sbr. 145. gr. hinna alm. borgaralegu hegningarlaga 25. júní 1869 og rennur sektin í ríkissjóð, en afplánist með 13 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan 20 daga frá löglegri birtingu dómsins.

Svo greiði og ákærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað þar á meðal varðhaldskostnað og þóknun til skipaðs talsmanns síns, er ákveðst 30 kr.

Dómarinn lætur þess getið, að hann vegna manntalsþingaferða og annara embættisanna hafi eigi getað uppkveðið dóm þennan fyrir.

Það vottast að meðferð málsins hefir verið vítalaus.

Mánudaginn 19. nóv. 1928.

Nr. 64/1928.

Valdstjórnin (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Markúsi Jónassyni (Björn P. Kalman).

Sýknaður af kæru fyrir ölvun.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 23. ág. 1928: Kærður, Markús Jónasson, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og málskostnaður greiðist af almannaþje.